



FJÖLMÍÐLANEFND

5. febrúar 2019  
Álit nr. 2/2019

**Kvörtun vegna ætlaðra brota Ríkisútvarpsins ohf. á reglum um hlutlægni og nákvæmni í frétttaflutningi og reglum um hatursáróður með umfjöllun um starfsmannaleiguna Menn í vinnu ehf. í þættinum Kveik á RÚV 2. október 2018, yfirlýsingu ritstjóra Kveiks á Vísi 3. október 2018, og ummælum þáttastjórnanda í Kastljósi á RÚV 4. október 2018.**

## I. Málsatvik

### 1. Kvörtun

Þann 15. nóvember 2018 barst fjölmiðlanefnd kvörtun Manna í vinnu ehf. (hér eftir MÍV). Fram kom að kvartað væri yfir umfjöllun um fyrirtækið og stjórnendur þess í þætti Kveiks, *Svarta hliðin á íslenskum vinnumarkaði*, sem sýndur var á RÚV þann 2. október 2018. Jafnframt væri kvartað yfir ummælum Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks, í yfirlýsingu á vefmiðlinum Vísi 3. október 2018. Þá væri kvartað yfir ummælum Helga Seljan, fréttamanns Kveiks, í Kastljósi á RÚV 4. október 2018. Að mati kvartanda fól framangreint í sér að Ríkisútvarpið ohf. (hér eftir Ríkisútvarpið) hefði brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um lýðræðislegar grundvallarreglur og hlutlægni og nákvæmni í frétttaflutningi, auk þess sem fram kom að kvartandi teldi umfjöllun RÚV varða við 27. gr. sömu laga, um hatursáróður.

Einnig kom fram að kvartandi teldi Ríkisútvarpið hafa brotið gegn 36. gr. laga um fjölmiðla, um rétt til andsvara. Fjallað var um þann hluta kvörtunarinnar sem snýr að 36. gr. laga um fjölmiðla í ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 9/2018, þar sem fjölmiðlanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Ríkisútvarpinu hafi verið heimilt að synja MÍV um andsvar. Verður því í álitinu þessu einungis fjallað um þann hluta kvörtunarinnar sem snýr að ætluðu broti Ríkisútvarpsins á 26. og 27. gr. laga um fjölmiðla vegna framangreindrar umfjöllunar.



FJÖLMIÐLANEFND

## 2. Efnistöð Kveiks 2. október og Kastljóss 4. október 2018

### Efnistöð Kveiks 2. október á RÚV

Í fréttaskýringaþættinum Kveik, *Svarta hliðin á íslenskum atvinnumarkaði*, sem sýndur var á RÚV 2. október 2018, var fjallað um launakjör og aðbúnað erlendra starfsmanna á Íslandi, sér í lagi verkamanna sem starfa hjá starfsmannaleigum á Íslandi. Á meðal þeirra fyrirtækja sem til umfjöllunar voru í þættinum var kvartandi, MÍV og var rætt við þrjú rúmenska starfsmenn, sem starfað höfðu við byggingarvinnu hér á landi fyrir milligöngu fyrirtækisins. Auk þeirra var rætt við fleiri erlenda verkamenn, sem starfað höfðu hér á landi fyrir milligöngu annarra starfsmannaleiga, fulltrúa stéttarféлага og forstjóra Vinnueftirlitsins.

Fram kom í þeim hluta þáttarins, þar sem fjallað var um MÍV, að ýmis kostnaður hefði verið dreginn af launum starfsmannanna hjá MÍV, svo sem vegna húsaleigu, þrifa á húsnæði, afnotaréttar af bílaleigubílum og líkamsræktarkorta. Talað var um að starfsreynsla og menntun erlendra starfsmanna MÍV virtist litlu skipta við ákvörðun launa. Upplýst var að starfsmenn byggju í ólöglegu íbúðarhúsnæði í Kópavogi, allt að sex saman í herbergi og borguðu fyrir það allt að 80.000 kr. í húsaleigu. Fram kom að starfsmannaleigan leigði þeim bíl sem þeir deildu allt að níu saman og greiddu þeir 10.000 kr. hver vegna kostnaðar við bílaleigu á mánuði. Talað var um að starfsmenn væru sektaðir um allt að 15.000 kr. vaknaði grunur um að þeir hefðu reykt í bílum á vegum starfsmannaleigunnar. Staðhæft var að allir greiddu þeir um 7000 kr. til vinnuveitanda síns fyrir líkamsræktarkort, óháð því hvort þeir nýttu það. Upplýst var að viðmælendur Kveiks væru uggandi um afdrif orlofsgreiðslna sem dregnar væru af launum þeirra og teldu þær jafnvel lagðar inn á mismunandi reikninga milli mánaða. Jafnframt kom fram að starfsmennina grunaði að kostnaður vegna flugfargjalda þeirra hingað til lands hefði verið of hár. Loks var því haldið fram að fyrrverandi stjórnendur starfsmannaleigunnar Verkleigunnar rækju nú starfsmannaleiguna MÍV og að það hafi fyrst verið eftir að eigandi Verkleigunnar hafi rekið stjórnendur, sakað þá um fjárdrátt og að virðisaukaskattur hafi farið í vanskil, sem skattifyrvöld hafi tekið við sér og gripið til aðgerða með þeim afleiðingum að Verkleigan hafi farið í þrot.

Auk framangreinds kom fram í þættinum að nokkrum dögum eftir að Kveikur ræddi fyrst við mennina þrjú hafi tveimur þeirra verið sagt upp störfum hjá MÍV en hafi einn þeirra þegar fengið aðra vinnu. Telji mennirnir ástæðu uppsagnarinnar vera þá að vinnuveitandi þeirra hafi haft pata af samtali þeirra við Kveik. Í kjölfarið hafi þeir leitað til Eflingar, sem hafi nú mál þeirra til skoðunar. Hjá Eflingu hafi þeir fyrir tilviljun hitt fyrir aðra starfsmenn starfsmannaleigunnar MÍV í sömu erindum.



## FJÖLMIÐLANEFND

Ekki var rætt við forsvarsmenn MÍV í þættinum. Hins vegar birtist eftirfarandi texti í 15 sekúndur á skjánum, beint á eftir umfjöllun um MÍV, nánar tiltekið á mínútum 17.54-18.09:

*Í samtali við Kveik hélt framkvæmdastjóri Menn í vinnu því útrekað fram að kjör Rúmenanna væru önnur en koma fram á launaseðlum þeirra. Hann taldi ekkert athugavert við kostnaðarfrádrátt eða kjör manna sem væru öll í samræmi við lög og hafnaði því að uppsagnir manna væru vegna viðtals þeirra við Kveik.*

### **Efnistöð Kastljóss 4. október á RÚV**

Umræðum í Kastljósi 4. október var stýrt af Helga Seljan fréttamanni og voru gestir þáttarins Unnur Sverrisdóttir, aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar, og Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ. Í þættinum var rætt um viðkvæma stöðu erlends verkafólks á Íslandi og eftirlit með starfsemi starfsmannaleiga. Á meðal þess sem fram kom var að aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar teldi ekki ólöglegt að draga kostnað á borð við húsaleigu, þrif á húsnæði og bílaleigu af launum starfsmanna. Hins vegar teldi stofnunin slíkt fyrirkomulag óeðlilegt og hefði beint þeim tilmælum til starfsmannaleiga að láta af því. Af því tilefni innti þáttastjórnandi aðstoðarforstjóra Vinnumálastofnunar eftir því hvort umfjöllun Kveiks um fyrirtækið MÍV, og þeir launaseðlar starfsmanna sem sýndir hefðu verið, yrði tilefni einhverra aðgerða hjá stofnuninni. Svaraði aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar því til að umfjöllun Kveiks hefði þegar leitt til þess að fleiri sem teldu á sér brotið hefðu stigið fram og leitað til stofnunarinnar.

### **3. Yfirlýsing ritstjóra Kveiks á Vísi**

Þann 3. október birtist frétt á vefmiðlinum Vísi, undir yfirskriftinni *Lögmaður starfsmannaleigu sakar Kveik um ranga umfjöllun*. Í fréttinni var rætt við lögmann MÍV, auk þess sem birt var orðrétt yfirlýsing frá fyrirtækinu vegna umfjöllunar Kveiks um félagið en þar komu fram alvarlegar athugasemdir við umfjöllun Kveiks um MÍV.

Einnig var í fréttinni birt yfirlýsing frá Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks. Í yfirlýsingu hennar sagði meðal annars að staðreyndin væri sú að erlendir starfsmenn MÍV byggju fjölmargir saman í ólöglegu húsnæði í Kópavogi, enda með lögheimili annars staðar. Þeir fengu greiddan lægsta mögulega taxa, 1570 kr. á tímann, sama hvaða menntun þeir hefðu. Eins og sést hefði í þættinum væri stór hluti launa þeirra, sem þar var rætt við, dreginn af þeim í ýmsan kostnað. Skýrt hafi verið tekið fram í umfjölluninni að eigandi Verkleigunnar hefði rekið stjórnendur og starfsmenn Verkleigunnar og stýri þeir starfsmenn og stjórnendur nú MÍV.



FJÖLMÍÐLANEFND

## II. Málsvik og sjónarmið málsaðila

### 1. Sjónarmið kvartanda

#### Sjónarmið MÍV vegna umfjöllunar Kveiks 2. október

Sjónarmiðum MÍV vegna ætlaðra brota Ríkisútlagsins á 26. gr. laga um fjölmiðla var lýst á 23 blaðsíðum í kvörtuninni. Fram kemur að í aðdraganda umfjöllunar Kveiks eða viku fyrir sýningu þáttarins þann 2. október hafi fréttamaður Kveiks hringt í starfsmann MÍV. Hafi það verið í fyrsta sinn sem Kveikur hafi haft samband við MÍV áður en umfjöllun Kveiks um MÍV var birt. Í því símtali hafi starfsmaður MÍV útskýrt með ítarlegum hætti fyrir fréttamanni að þær upplýsingar sem hann hefði undir höndum væru rangar.

Þegar fulltrúi MÍV hafi viljað koma á framfæri gögnum og upplýsingum sem staðfest gætu að Kveikur færi með rangfærslur hafi umræddur fréttamaður sagst ætla að hafa aftur samband. Hins vegar hafi hann ekki staðið við þau orð og aldrei haft samband við starfsmann MÍV aftur. Hafi starfsmaður MÍV ítrekað reynt að ná sambandi við Helga bæði í síma og á fésbókarspjalli. Fréttamaður hafi lofað að hafa samband á fésbókarspjalli en ekki gert það. Um þetta vísar MÍV til ódagsetts afrits af fésbókarspjalli starfsmanns MÍV við Helga Seljan fréttamann þar sem Helgi kveðst ætla að hringja eftir hádegi. Í framhaldi talar starfsmaðurinn um að þetta sé svolítið langt hádegi og sendir svo til fréttamanns upplýsingar sem virðast varða starfsemi annarrar starfsmannaleigu.

Í kvörtun segir jafnframt að samkvæmt viðtali við Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks, á Rás 2 hafi umræddur þáttur Kveiks verið heilt ár í undirbúningi. Að mati MÍV sé líklegt að vinnu við þáttinn í heild sinni hafi verið lokið á þeim tíma sem fréttamaður hafi haft samband við fyrirtækið.

Fyrir liggir að starfsmenn MÍV hafi leiðrétt margt í málflutningi fréttamanns viku fyrir birtingu þáttarins. Ekkert af þeim sjónarmiðum hafi fengið umfjöllun í þætti Kveiks. Andstæð sjónarmið hafi legið fyrir en fréttamenn hafi ekki haft áhuga á að sjá gögn sem renndu stöðum undir þau. Ekki hafi verið getið um leiðréttingar starfsmanns MÍV, sem komið var á framfæri við fréttamann viku fyrir sýningu Kveiks.

Þá mótmælir MÍV umfjöllun Kveiks um uppsagnir rúmensku starfsmannanna og kveður þær ekki tengjast samtali þeirra við Kveik, líkt og látið sé að liggja í þættinum. Umræddir aðilar hafi verið í hefndarhug og vondri trú þegar þeir hafi rætt við fréttamann, enda hafi þeir gert sér grein fyrir því að þeir væru vegna eigin hátternis og framkomu um það bil að fara að missa starf sitt fyrir MÍV.



## FJÖLMÍÐLANEFND

Eins og fram kom í ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 9/2018 gerir MÍV í kvörtun sinni kröfu um leiðréttingu eftirfarandi ummæla og staðhæfinga í þætti Kveiks 2. október 2018:

1. „Rúmenarnir [A], [B] og [C] hafa síðustu mánuði starfað í byggingarvinnu á höfuðborgarsvæðinu, sinnt gluggaskiptum á Landspítalanum og unnið við byggingarsvæði hjá Smáralind“
2. „Þeir búa allt að sex saman í herbergi og fyrir þetta borgar hver og einn hátt í 80.000 krónur á mánuði til starfsmannaleigunnar sem leigir þeim sömuleiðis bíl sem þeir deila allt að níu saman og eru rukkaðir fyrir 10.000 krónur hver.“
3. „Allir greiða þeir svo um 7.000 krónur til vinnuveitanda síns fyrir líkamsræktarkort óháð því hvort þeir nýti það.“
4. „Menn í vinnu sektar starfsfólk allt að 15.000 krónur vakni grunur um að þeir hafi reykt í bílum starfsmannaleigunnar.“
5. „Þá grunar einnig að fluggjaldið sem þeir endurgreiða vinnuveitanda sínum sé ofrukkað.“
6. „Eins virðist málum blandið um afdrif orlofs sem dregið er af þeim og jafnvel lagt inn á mismunandi reikninga milli mánaða.“
7. „Starfsreynsla og menntun þeirra virðist litlu skipta.“
8. „Fyrst eftir að eigandi Verkleigunnar rak stjórnendur og sakaði um fjárdrátt og virðisaukaskattur fór í vanskil tóku yfirvöld við sér. Skatturinn greip til aðgerða og félagið fór í þrot.“
9. „Fyrirverandi stjórnendur Verkleigunnar reka nú áðurnefnda starfsmannaleigu Menn í vinnu.“

### **Sjónarmið MÍV vegna ummæla í Kastljósi 4. október**

MÍV gerir einnig athugasemdir við umfjöllun Kastljóss 4. október 2018, þar sem sömu málefni og í Kveiksþættinum voru til umfjöllunar. Umræðum í þættinum 4. október var stýrt af Helga Seljan fréttamanni og voru gestir þáttarins Unnur Sverrisdóttir, aðstoðarforstjóri Vinnuálastofnunar, og Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

Samkvæmt kvörtun MÍV til fjölmiðlanefndar virðist kvartandi aðallega gera þær athugasemdir við umfjöllun Kastljóss að þar hafi þáttastjórnandi haldið því fram gegn betri vitund að gjald fyrir líkamsræktarkort væru sjálfkrafa dregin af öllum starfsmönnum fyrirtækisins. Hafi MÍV komið upplýsingum um hið gagnstæða til þáttastjórnanda daginn fyrir umræddan Kastljósþátt. Um það vísar MÍV til afrits af ódagsettum samskiptum við þáttastjórnanda á fésbókarspjalli.

Í kvörtun MÍV segir að bæði ritstjóri Kveiks og fréttamaður Kveiks, sem einnig stýrði þessum tiltekna Kastljósþætti, hafi verið upplýstir um það fyrir sýningu þáttarins að starfsmenn MÍV færu ekki allir sjálfkrafa á samning við World Class við komu til landsins. Í kvörtun segir að á



## FJÖLMIÐLANEFND

gögnum sjáist greinilega að ekki sé verið að rukka alla starfsmenn fyrir líkamsræktarkort. Hafi fréttamaður Kveiks sagt ósatt af ásettu ráði í ofangreindum þætti Kastljóss.

Um framangreint vísar MÍV til launaseðla starfsmanna, ódagsetts afrits af netspjalli við rúmenskan starfsmann, þar sem hann óskar eftir því að líkamsræktarkort sitt verði framlengt um einn mánuð, og ódagsetts afrits af netspjalli við fréttamann Kveiks þar sem fréttamaður spyr: „*Fara ekki allir sjálfkrafa á World Class samning um leið og þeir koma? Það stendur í ráðningarsamningnum ykkar.*“ Þessu svarar starfsmaður MÍV svo á sama vettvangi: „*Nei. Bara þeir sem biðja um. Og það voru 9 starfsmenn í síðasta mánuði. Við fengum díl fyrir þá svo þeir gætu farið strax og tekið af þeim eftir á og þeir borga c.a. eins og um árskort væri að ræða.*“

Þá segir í kvörtun MÍV um ummæli þáttastjórnanda og fréttamanns í Kastljósi:

*Í Kastljósþættinum fer hann svo langt að ýta á eftir því að MÍV verði lokað en eins og kemur skýrt fram hjá Vinnumálastofnun þá er ekkert ólöglegt í gangi hjá fyrirtækinu og því ekki hægt að flokka fyrirtækið sem brotafyrirtæki í þætti um mansal og þrælahald.*“

### **Sjónarmið MÍV vegna yfirlýsingar ritstjóra Kveiks á Vísi 3. október**

Í kvörtun MÍV segir að Þóra Arnórsdóttir, ritstjóri Kveiks, hafi sagt ósatt gegn betri vitund þegar hún fullyrði í yfirlýsingu sinni á Vísi að allir starfsmenn MÍV fái greidda lægsta mögulega taxa á tímann sem sé 1570 kr. Fyrir hafi legið gögn hjá Þóru sjálfri, ritstjórn Kveiks og RÚV sem sýni fram á að einungis um 10% starfsmanna MÍV séu með 1571 kr. á tímann en starfsreynsla, aldur og menntun séu ávallt metin hjá hverjum og einum starfsmanni MÍV. Um þetta vísar MÍV til launaseðla í fylgigögnum með kvörtun MÍV.

## **2. Sjónarmið Ríkisútvarpsins**

Fjölmiðlanefnd óskaði þann 19. nóvember 2018 eftir upplýsingum og sjónarmiðum Ríkisútvarpsins og bárust þau, ásamt fylgigögnum, þann 21. nóvember. Svörum Ríkisútvarpsins fylgdi atvikalýsing og sjónarmið Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks og Helga Seljan, fréttamanns Kveiks.

Í svari sínu hafnaði Ríkisútvarpið öllum kröfum MÍV og fullyrðingum fyrirtækisins með öllu og lýsti því yfir að umfjöllun Kveiks og Kastljóss stæðist kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttatengdu efni. Fram kom að þótt umfjöllun Kveiks hafi byggt á viðtölum við þrjá starfsmenn hafi við gerð þáttarins verið rætt við fleiri starfsmenn sem starfi á vegum fyrirtækisins.





## FJÖLMÍÐLANEFND

Af hálfu Ríkisútvarpsins var á það bent að umræddur þáttur Kveiks hafi eðli málsins samkvæmt ekki verið ársгамall. Vangaveltur um það séu annað hvort byggðar á misskilningi eða vísvitandi blekkingar MÍV. Í löngu samtali við talsmann og stjórnanda hjá MÍV átta dögum fyrir útsendingu þáttarins hafi viðkomandi aðili ítrekað gert tilraun til að rengja þau gögn sem Kveikur hafði undir höndum. Þá hafi aðilinn sótt það stíft að gera Kveik tilboð sem hafi falið í sér aðgang að rannsóknargögnum varðandi gjaldþrot fyrirtækisins Verkleigunnar, gegn því að hætt yrði við umfjöllun Kveiks um MÍV. Einnig hafi annar starfsmaður MÍV, sem samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo sé skráður eigandi félagsins, hringt í blaðamann Kveiks fjórum dögum fyrir sýningu þáttarins með sama erindi; að reyna að hafa áhrif á umfjöllun um fyrirtæki sitt með tilboði um aðgang að rannsóknargögnum sem sneru að gjaldþroti Verkleigunnar. Í athugasemdum Kveiks segir um þetta að Kveikur geti ekki gert slíka samninga og vilji það ekki. Það væri einfaldlega óábyrgt og ósiðlegt. Í því ljósi verði að skoða fullyrðingar lögmanns fyrirtækisins um ítrekaðar beiðnir um samtöl, eftir samtalið átta dögum fyrir þátt, þar sem bornar hafi verið undir fyrirtækið frásagnir fyrrum starfsmanna þess og gögn sem síðar hafi birst í þættinum. Svörum MÍV í umræddu símtali hafi verið gerð skil. Um það þurfi ekki að deila.

Varðandi ætlaðar rangar staðhæfingar í Kastljósi 4. október segir í athugasemd Helga Seljan, fréttamanns Kveiks: „Varðandi það að ég hafi sakað fyrirtækið um lögbrot í viðtali við forstjóra Vinnuálastofnunar í Kastljósinu er það líka haugalygi. Ástæðan fyrir því að ég gekk eftir því við staðgengil forstjóra VMST hvort það væri lögbrot að rukka starfsmenn um kostnað, eins og bíla eða ferðir til og frá vinnu, var ég þar einfaldlega að byggja á svari VMST til mín í tölvupósti nokkrum dögum fyrr.“ Um þetta vísar Helgi til afrits af svari Vinnuálastofnunar við spurningu Kveiks í fylgigögnum með athugasemdum RÚV. Spurning hans hafi verið sú hvort stofnunin hefði einhvern tíma látið reyna á það hvort 5. gr. [laga um starfsmannaleigur nr. 139/2005] um óheimila gjaldtöku næði yfir „þessar greiðslur starfsmanna til vinnuveitenda sinna (starfsmannaleiganna) og virðast í mörgum tilfellum ógagnsæjar og oftar í engu samhengi við raunkostnað?“ Í svari Vinnuálastofnunar segir m.a. að stofnunin hafi einungis samþykkt að starfsmenn taki þátt í ferðakostnaði sínum til og frá landinu og í kostnaði vegna húsaleigu. Allar aðrar greiðslur hafi verið metnar óheimilar „samkvæmt þessu ákvæði“.

### III. Forsendur og niðurstaða

#### 1.

Samkvæmt 27. gr. laga um fjölmiðla er fjölmiðlum óheimilt að hvetja til refsiverðrar háttsemi og að kynda með markvissum hætti undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.



## FJÖLMÍÐLANEFND

Samkvæmt 26. gr. laga um fjölmiðla skal fjölmiðlaveita í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Fjölmiðlaveita skuli gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.

Ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla endurspeglar almenn sjónarmið um faglega og vandaða blaða- og fréttamennsku: að fjölmiðlar leiti ólíkra sjónarmiða við umfjöllun sína og gefi þeim sem hallað er á í umfjöllun kost á að koma að sínum sjónarmiðum. Fjölmiðlum ber að hafa ákvæði 26. gr. til hliðsjónar við alla vinnslu á fréttum og fréttatengdu efni en ákvæðið gildir ekki um annars konar ritstjórnarefni eða viðskiptaboð. Með hugtakinu „fréttatengt efni“ er fyrst og fremst átt við þætti og greinar sem hafa að megintilgangi að miðla fréttaskýringum, þar sem skyggst er að baki þeim fréttum sem eru efst á baugi hverju sinni og leitast við að greina þær með faglegum hætti.

Brot á ákvæði 26. gr. varða hvorki stjórnvaldssektum né refsingu en fjölmiðlanefnd hefur heimild til að ljúka málum vegna brota á 26. gr. laga um fjölmiðla með birtingu álit, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla. Telji fjölmiðlanefnd að erindi gefi ekki nægar ástæður til meðferðar er hlutaðeigandi tilkynnt um þá niðurstöðu, sbr. 5. gr. í starfsreglum nefndarinnar, sem settar voru með stoð í 3. mgr. 8. gr. laga um fjölmiðla.

## 2.

### a. Ætluð brot Ríkisútvarpsins gegn 27. gr. um hatursáróður

Í kvörtun kom fram að kvartandi teldi umfjöllun Ríkisútvarpsins og ummæli ritstjóra Kveiks á Vísi geta varðað við 27. gr. laga um fjölmiðla um hatursáróður. Engin frekari rökstuðningur var þó færður fram því til stuðnings.

Gera verður kröfu um tiltekinn alvarleika ummæla til að þau teljist til hatursáróðurs, eins og margoft hefur komið fram í dómafrankvæmd héraðs dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu. Með vísan til þeirra ummæla sem kvartað er yfir, verndarandlags 27. gr., og annarra skilyrða sem ákvæðið felur í sér, telur fjölmiðlanefnd að kvörtun MÍV á grundvelli 27. gr. gefi ekki tilefni til efnislegrar meðferðar.

### b. Yfirlýsing ritstjóra Kveiks á Vísi

Þann 3. október birtist frétt á vefmiðlinum Vísi, undir yfirskriftinni *Lögmaður starfsmannaleigu sakar Kveik um ranga umfjöllun*. Í fréttinni var rætt við lögmann MÍV, auk





## FJÖLMÍÐLANEFND

Þess sem birt var orðrétt yfirlýsing frá fyrirtækinu vegna umfjöllunar Kveiks um félagið. Einnig sendi Þóra Arnórsdóttir, ritstjóri Kveiks, frá sér yfirlýsingu vegna málsins, sem svar við gagnrýni MÍV, sem birt var orðrétt og í heild sinni í frétt Vísis.

Vefmiðillinn Vísir er í eigu fjölmiðlaveitunnar Sýnar hf. Samkvæmt lögum um fjölmiðla bera fjölmiðlaveitur ábyrgð á því efni sem miðlað er í fjölmiðlum á þeirra vegum. Yrðu ummæli í yfirlýsingum starfsmanna Ríkisútvarpsins, sem birt eru orðrétt í öðrum fjölmiðlum, talin brjóta gegn ákvæðum laga um fjölmiðla yrði ábyrgð felld á viðkomandi fjölmiðlaveitu, sem í þessu tilfalli er Sýn en ekki Ríkisútvarpið.

Almennt má segja að hlutlægni feli það í sér að fjölmiðillinn sé hlutlaus gagnvart því efni sem til umfjöllunar er, að ekki sé tekin afstaða eða fram komi hlutdrægar skoðanir fréttar- eða dagskrárgerðarmanna á því efni sem til umfjöllunar er, sem og að sá sem gagnrýndur er í fréttinni fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Starfsmenn fjölmiðla mega t.d. ekki taka afstöðu í umdeildum málum sem til umfjöllunar eru í fréttum og fréttatengdu efni, þótt eðli máls samkvæmt sé svigrúm til slíkrar umfjöllunar í ákveðnum tegundum ritstjórnarefnis, eins og t.d. ritstjórnar- og skoðanapistlum. Með nákvæmni er átt við að þær upplýsingar sem máli skipta skuli vera réttar.

Að mati fjölmiðlanefndar telst yfirlýsing ritstjóra Kveiks, sem birtist á fjölmiðli í eigu Sýnar, ekki til fréttar eða fréttatengds efnis í hefðbundnum eða lagalegum skilningi, heldur fremur til umfjöllunar um fréttir og fréttatengt efni. Ekki er hægt að gera sömu hlutlægnikröfur til persónulegra yfirlýsinga fjölmiðlafólks í fjölmiðlum, þar á meðal skoðana- og ritstjórnarpistla fjölmiðlafólks, og þær sem gerðar eru til fréttar og fréttatengds efnis. Yfirlýsingin sjálf fellur því utan efnislegs gildissviðs 26. gr. laga um fjölmiðla, og þeirra krafna sem þar eru gerðar, þótt frétt Vísis í heild sinni falli óneitanlega undir 26. gr. Í frétt Vísis var gætt að reglum um hlutlægni með því að báðum aðilum var gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, þ.e. lögmanni MÍV og ritstjóra Kveiks. Þá voru þær upplýsingar sem máli skipta réttar í umræddri frétt Vísis, þ.e. að umfjöllun Kveiks hafi vakið hörð viðbrögð og að þar hafi verið dregin upp dökk mynd af aðbúnaði erlends verkafólks á Íslandi. Voru vinnubrögð fréttamanna Vísis því í fullu samræmi við ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla um hlutlægni og nákvæmni í fréttatengningu.



FJÖLMIÐLANEFND

### c. Ummæli þáttastjórnanda Kastjöss á RÚV

Hvað varðar kvörtun MÍV yfir umfjöllun Kastjöss virðist þar aðallega byggt á því að þáttastjórnandi Kastjöss hafi haldið því fram gegn betri vitund að gjald fyrir líkamsræktarkort væri sjálfkrafa dregið af öllum starfsmönnum fyrirtækisins. Hafi MÍV komið upplýsingum um hið gagnstæða til þáttastjórnanda daginn fyrir umræddan Kastljósþátt.

Í myndbandsupptöku af Kastljósþættinum frá 4. október sést að þáttastjórnandi minntist ekki sjálfur á kostnaðargreiðslur vegna líkamsræktarkorta í þættinum, heldur aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar. Í ummælum aðstoðarforstjórans var ekki vísað með beinum hætti til kvartanda eða annarra tiltekinna fyrirtækja, auk þess sem ekki var fullyrt að allir starfsmenn greiddu sjálfkrafa umræddan kostnað, sbr. eftirfarandi samræður þáttastjórnanda og aðstoðarforstjóra Vinnumálastofnunar:

Þáttastjórnandi (á mínútu 9:33): „*En þetta ákvæði sem við vísuðum aðeins til í þættinum varðandi þessar kostnaðargreiðslur? Sko, menn eru að greiða fyrir húsaleigu, hún er oft mjög há og þeir búa í ósamþykktu húsnæði, menn eru að greiða fyrir bíl, menn eru að greiða fyrir ... ja, hreingerningu og eitthvað svona.*“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „*Vinnugalla, hreingerningu, líkamsrækt sem þeir nota ekki.*“

Þáttastjórnandi: „*Er það löglegt?*“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „*Auðvitað ekki.*“

Samkvæmt fyrrgreindri myndbandsupptöku af Kastljósþættinum var kvartandi einu sinni nefndur á nafn af stjórnanda þáttarins, nánar tiltekið á mínútu 11.53, og þá í tengslum við kostnaðargreiðslur sem dregnar höfðu verið af launum starfsmanna MÍV, sbr. eftirfarandi samtal þáttastjórnanda og aðstoðarforstjóra Vinnumálastofnunar:

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar (á mínútu 11.04): „*Húsaleigureikningar og samningur um húsaleigu, það er ekki ólöglegt, því miður.*“

Þáttastjórnandi: „*En hinar kostnaðargreiðslurnar sem við sýndum? Eru þær ólöglegar?*“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „*Það er ekkert ólöglegt. Það stendur hvergi og við teljum þetta bara vera mjög óeðlilegt.*“

Þáttastjórnandi: „*En bílaleigan og allt þetta. Er það ólöglegt?*“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „*Ja, þú, þetta er ekkert ólöglegt. Þú verður að sýna fram á það fyrir dómi að þetta sé eins konar misneyting og að það sé verið að stela af laununum þínum. Þetta er ekki „per se“ í neinum lögum að þetta sé ólöglegt. Það er bara þannig ...*“

Þáttastjórnandi: „*En það er bannað að láta fólk borga fyrir vinnu...*“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „*...og við höfum lagt dagsektir á fyrirtæki, starfsmannaleigur, af því að þær fóru ekki að tilmælum okkar um að taka þetta út og hætta þessu. Og við höfum krafist launaseðla ...*“



## FJÖLMÍÐLANEFND

Þáttastjórnandi: „Þess vegna er ég að spyrja þig um þetta tiltekna dæmi Unnur, verður það tilefni til einhverra aðgerða? Varðandi þessa launaseðla sem við sýndum og þetta tiltekna fyrirtæki þarna, Menn í vinnu.“

Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar: „Já, heyrðu það er nú einn kosturinn. Við fögnum þessari umræðu. Þetta er mjög víðfeðmt vandamál. Okkar hlutverk er afmarkað. Eins og þið komuð að hérna áðan. Stéttarfélagin hafa hlutverk, við höfum hlutverk, Vinnueftirlitið hefur hlutverk. Allir þurfa að taka saman höndum og reyna að koma böndum á þetta. Og þessi þáttur hafði það til dæmis í för með sér, sem við erum mjög ánægð með, að það eru þrír sem hafa leitað til okkar bara í gær og eru tilbúnir að leggja launaseðlana á borðið og þessi ömurlegu kjör. Málið er að safna þessara sönnunargagna vegna þess að þetta fólk veit það að ef við stoppum fyrirtækið, yfirvöld, þá eru þeir atvinnulausir, þeir eru húsnæðislausir og eiga kannski ekki einu sinni pening fyrir farinu heim. Þetta er ömurleg staða sem er blettur á íslensku samfélagi. Við getum svo sannarlega tekið undir það.“

Með vísan til kvörtunar MÍV og þeirra umræðna sem fram fóru í Kastljósi 4. október 2018 telur fjölmiðlanefnd að ekki hafi verið færð fram rök fyrir því að fjölmiðillinn hafi gerst brotlegur við reglur um hlutlægni og nákvæmni í fréttatengdu efni, hvorki vegna ummæla aðstoðarforstjóra Vinnumálastofnunar í þættinum um greiðslur erlendra starfsmanna fyrir líkamsræktarkort né með viðbrögðum þáttastjórnanda við þeim ummælum. Ekki sé um að ræða ótvíræða staðreyndavillu og í öllu falli ekki rangfærslu sem unnt sé að rekja beint til MÍV. Þá telur nefndin að ekki hafi verið færð fram rök um að efni fyrrnefnds þáttar Kastljóss hafi að öðru leyti farið í bága við kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttatengdu efni.

### d. Umfjöllun Kveiks á RÚV

Verður þá vikið að kvörtun MÍV yfir umfjöllun Kveiks og meint brot gegn 26. gr. laga um fjölmiðla um hlutlægni og nákvæmni í fréttatengningi.

Hvað varðar kröfur um nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni kemur fram í ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 9/2018, þar sem fjallað er um kröfu MÍV til andsvars, að nefndin telji MÍV ekki hafa fært fram fullnægjandi rök eða fullnægjandi gögn fyrir því að eftirfarandi fullyrðingar í þætti Kveiks teljist ótvíræðar staðreyndavillur sem beri að leiðrétta:

- Fullyrðingar um lengd starfstíma þeirra rúmensku starfsmanna sem rætt var við í þættinum,
- fullyrðingar um greiðslur vegna húsaleigu, bílaleigubíla og aðbúnað starfsmanna í húsnæði MÍV,
- fullyrðingar um að starfsmannaleigan leigi starfsmönnum bifreið sem þeir deili allt að níu saman,



## FJÖLMIÐLANEFND

- fullyrðingar um að starfsmenn hafi verið sektaðir vegna reykinga starfsmanna í bifreiðum starfsmannaleigunnar,
- fullyrðingar um orlofsgreiðslur til starfsmanna og
- fullyrðingar um að starfsreynsla og menntun virtist litlu skipta.

Þá kemur fram í ákvörðun nr. 9/2018 að fjölmiðlanefnd telji MÍV hvorki hafa lagt fram fullnægjandi gögn eða fullnægjandi rök fyrir því að núverandi eigendur MÍV hafi ekki getað talist til talsmanna eða forsvarsmanna fyrirtækisins Verkleigunnar. Eftir standi umfjöllun Kveiks um ætlaða ofrukkun MÍV á flugfargjöldum, staðhæfing um að starfsmenn búi allt að sex saman í herbergi og staðhæfing um að allir starfsmenn greiði um 7.000 kr. til vinnuveitanda síns fyrir líkamsræktarkort, óháð því hvort þeir nýti það.

Í ljósi fyrirliggjandi gagna verði ekki séð að fyrrgreindar fullyrðingar um ætlaða ofrukkun flugfargjalda, að starfsmenn búi allt að sex saman í herbergi og að allir greiði þeir um 7.000 kr. fyrir líkamsræktarkort, óháð vilja til þess, eigi skýra stoð í gögnum og megi því a.m.k. halda því fram að staðhæfingar hvað þetta snertir séu umdeilanlegar.

Með vísan til framangreinds og ákvörðunar nr. 9/2018 telur fjölmiðlanefnd að meintar rangfærslur í þættinum, ef einhverjar, verði að teljast minniháttar þegar litið er til umfjöllunarinnar í heild. Í því sambandi er einnig litið til þess að flest þeirra ummæla sem vörðuðu MÍV komu frá starfsmönnum félagsins, sem báru um það sem þeir höfðu upplifað af eigin raun.

### 3.

Krafa um hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni stendur því ekki í vegi að fréttaumfjöllun geti verið gagnrýnin. Þvert á móti er fjölmiðlum ætlað að hvetja til umræðu um umdeild mál, fjalla um það sem efst er á baugi hverju sinni og vera gagnrýnir á fyrirtæki og stofnanir. Þannig telur fjölmiðlanefnd að kröfunni um hlutlægni fylgi ákveðið svigrúm til gagnrýninnar umfjöllunar.

Við mat á því hvort til greina komi að birta álit á grundvelli 26. gr. laga um fjölmiðla ber að hafa hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um rétt til tjáningarfrelsis. Undanþágur frá meginreglunni um tjáningarfrelsi ber að túlka þröngt, eins og fram hefur komið í dómaframkvæmd héraðs dómstóla, auk þess sem ítrekuð dómafordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu liggja þeim sömu sjónarmiðum til grundvallar. Hefur dómstóllinn litið svo á að framlag til almennrar umræðu njóti ríkari verndar en önnur tjáning. Með því er átt við að síður sé heimilt að takmarka frelsi til tjáningar sem varðar almannahagsmuni.

Fjölmiðlanefnd telur að með fyrrgreindri umfjöllun Kveiks og Kastljóss um starfsmannaleigur og aðbúnað erlendra starfsmanna hér á landi, hafi sjónum almennings og stjórnvalda verið beint



## FJÖLMIÐLANEFND

að bágri stöðu og launakjörum erlends verkafólks á Íslandi. Um sé að ræða samfélagshóp sem ekki hafi átt háværa rödd í samfélagsumræðunni. Hafi umfjöllun fréttamanna Ríkisútvarpsins þannig falið í sér framlag til almennrar umræðu, sem varði almannahagsmuni og hafi sem slík átt erindi til almennings.

Nefndin telur að ekki verði framhjá því litið að MÍV hafi verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum áður en þáttur Kveiks var sýndur 2. október 2018. Verður ekki annað ráðið af fyrirliggjandi gögnum en að samskipti Kveiks og MÍV hafi verið nokkur við gerð hans. Við vinnslu þáttarins hafi fréttamenn Kveiks því gætt hlutlægni upp að því marki sem mögulegt var. Fram hefur komið að umfjöllun Kveiks var ekki tilbúin þegar leitað var til MÍV rúmri viku fyrir sýningu þáttarins og hafi MÍV því gefist tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á framsetningu umfjöllunarinnar. Þá liggur fyrir að í umræddum þætti Kveiks var birt athugasemd, sem stafaði frá MÍV, þar sem fullyrðingum um kjör starfsmanna var hafnað, því haldið fram að kjör þeirra væru önnur en fram kæmu á launaseðlum þeirra, tekið fram að þau væru að öllu leyti í samræmi við lög og því hafnað að uppsagnir þeirra væru vegna viðtals við Kveik.

Loks verður ekki annað séð af svörum Ríkisútvarpsins en að fréttamenn Kveiks og Kastljóss hafi verið í góðri trú, þ.e. sannfærðir um réttmæti þeirra staðhæfinga sem settar voru fram í áðurnefndum þáttum. Eitt þeirra sjónarmiða sem Mannréttindadómstóll Evrópu lítur sérstaklega til við úrlausn sambærilegra mála fyrir dómstólnum er hvort blaða- og fréttamenn hafi verið í góðri trú. Í þætti Kveiks og Kastljóss var rætt við eftirlitsaðila og aðra fulltrúa stéttarfélaganna sem töldu að ekki væri viðhaft nægilegt eftirlit af hálfu hins opinbera með starfsmannaleigum fyrir erlenda verkamenn. Þá var rætt við aðstoðarforstjóra Vinnueftirlitsins sem upplýsti að eftirliti með starfsmannaleigum væri ábótavant vegna mannfæðar og kallaði eftir skýrari valdheimildum svo unnt yrði að bregðast við þegar fyrir lægi að ekki væri verið að fara eftir lögum og kjarasamningum. Að mati fjölmiðlanefndar voru þær upplýsingar og viðtöl, sem aflað var til að varpa ljósi á málið, að stórum hluta vönduð og bendir ekkert til annars en að fréttamenn Kveiks og Kastljóss hafi verið í góðri trú og viðhaft vandaða og hlutlæga starfshætti í samræmi við fagleg gildi í blaða- og fréttamennsku.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er það mat fjölmiðlanefndar að vinnubrögð fréttamanna Ríkisútvarpsins hafi verið í samræmi við skilyrði 26. gr. laga um fjölmiðla. Þá er það mat fjölmiðlanefndar að ákvæði 27. gr. laga um fjölmiðla taki ekki til þeirra málsatvika sem að framan eru rakin

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi hvorki brotið gegn reglum um hlutlægni og nákvæmni í fréttaflytningi né reglum um hatursáróður með umfjöllun um starfsmannaleiguna Menn í vinnu ehf. í þættinum Kveik á



FJÖLMÍÐLANEFND

RÚV 2. október 2018, yfirlýsingu ritstjóra Kveiks á Vísi 3. október 2018, og ummælum þáttastjórnanda í Kastljósi á RÚV 4. október 2018.

#### 4. Álit fjölmiðlanefndar

**Umfjöllun um starfsmannaleiguna Menn í vinnu ehf. í þættinum Kveik á RÚV 2. október 2018, þættinum Kastljósi á RÚV 4. október 2018 og frétt Vísis 3. október 2018 fór hvorki í bága við 26. gr. né 27. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.**

Hulda Árnadóttir

Birgir Guðmundsson

Kolbrún Sævarsdóttir